

Skólanámskrá

2025-2026



II. hluti

Nám og kennsla

2. bekkur



ALLIR MED



MÉR LÍÐUR VEL



OPNUM HUGANN



SKÖPUNARGLEÐI



VIÐ OG JÖRÐIN

Umsjónarkennarar:

Helga Rún Jónsdóttir

Rúna Lis Emilsdóttir



Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar.....	3
Aðrir kennarar	3
Viðmiðunarstundaskrá	3
Skimanir	3
PALS.....	4
Námsmat.....	4
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir.....	5
LYKILHÆFNI	6
ÍSLENSKA	8
STÆRÐFRÆÐI.....	10
ENSKA.....	12
NÁTTÚRUGREINAR.....	13
SAMFÉLAGSGREINAR	15
UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT	17
ÍÞRÓTTIR.....	18
SKÓLASUND.....	20
LISTGREINAR - SJÓNLISTIR.....	22
VERKGREINAR - HEIMILISFRÆÐI.....	23
VERKGREINAR – HÖNNUN OG SMÍÐI.....	24
VERKGREINAR - TEXTÍLMENNT	25



Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 1. bekkjar eru Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Kristófer Snær Jóhannsson og Þórunn Kolbrún Árnadóttir. Nemendur eru 40 talsins og fá alls 30 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar

- Íþróttir - Bjarki Már Árnason
- Sund - Bergþór Magnússon
- Forskóli – Jelena Raschke

Viðmiðunarstundaskrá

- Íslenska – 7 kennslustundir
- Stærðfræði – 5 kennslustundir
- Íþróttir og sund – 3 kennslustundir
- List- og verkgreinar/forskóli – 8 kennslustundir
- Náttúrufræði – 2 kennslustundir
- Samfélagsfræði og lífsleikni – 4 kennslustundir
- Upplýsinga- og tæknimennt – 1 kennslustund

Skimanir

- Lesfimi er lögð fyrir í september, janúar og maí.

Miðstöð menntunar og skólaþróunar gefur út viðmið í lesfimi og hér má sjá viðmið sem sett eru fyrir lok 2. bekkjar:

Viðmið	Orðafjöldi við lok 2. bekkjar	Mat:
Viðmið 3	100 orð eða meira á mínútu	Framúrskarandi
Viðmið 2	85 – 99 orð á mínútu	Hæfni náð
Viðmið 1	40 – 84 orð á mínútu	Á góðri leið
Undir viðmiði	0 – 39 orð á mínútu	Þarfnast þjálfunar

- Viðmið Menntamálastofnunar um orðafjölda í lok 2. bekkjar eru:

Viðmið 1 – 90% nemenda	Viðmið 2 – 50% nemenda	Viðmið 3 – 25% nemenda
40 orð á mínútu	85 orð á mínútu	100 orð á mínútu



PALS

PALS (Pör að læra saman) er skipulögð samvinnuaðferð í lestri sem hefur það markmið að efla lesskilning, leshraða og orðaforða nemenda. Aðferðin byggir á því að nemendur vinna saman í pörum þar sem þeir skiptast á að gegna hlutverki kennara og nemanda. Í pörunum lesa nemendur saman texta, leiðréttu villur og veita hver öðrum endurgjöf samkvæmt skýrum leiðbeiningum. Í kennslunni eru notaðar sérstakar æfingar, svo sem útdráttur þar sem nemandi dregur saman meginatriði úr texta, og forspá þar sem hann spáir fyrir um framhaldið og sannreynir með áframhaldandi lestri. Með þessum hætti eru allir nemendur virkir þátttakendur á sama tíma, sem styrkir bæði sjálfstæði og ábyrgð í námi. PALS er gagnreynd aðferð sem hefur jákvæð áhrif á námsárangur og nýtist bæði nemendum sem standa vel í lestri og þeim sem þurfa meiri stuðning. Aðferðin leggur jafnframt áherslu á jákvæð samskipti og samvinnu, sem styrkir félagslegan þátt námsins.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu sem er meiri en ætlast er til af árganginum.
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði árgangsins.
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara aðeins meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- **Þarfnast þjálfunar** ef nemandi þarfnast töluvert meiri þjálfunar til að ná hæfniviðmiði.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
- **Lokið** ef nemendur fengu þjálfun í hæfniviðmiðinu en ekki var gefin einstaklingseinkunn.
- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni eða próf sökum t.d. fjarvista.



Framúrskarandi



Hæfni náð



Á góðri leið



Þarfnast þjálfunar



Hæfni ekki náð



Lokið



Ólokið

Upplýsingar um námsmat í Holtaskóla má finna í bæklingi á heimasíðu skólans. Slóðin er: <https://www.holtaskoli.is/static/files/Namsmat/kynningarbaeklingur-fyrir-foreldra-og-nemendur.pdf>.



Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 2. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, örugg netnotkun, samþykki og einkalíf, mannréttindi, jafnrétti kynja og samskipti.

LYKILHÆFNI

Menntagildi: Lykilhæfni á yngsta stigi snýst um að leggja grunn að góðum samskiptum, sjálfstæði og tilfinningaskilningi. Börn fá tækifæri til að æfa sig í að vinna með öðrum, hlusta, hjálpast að og tjá hugsanir sínar. Þau læra smám saman að taka ábyrgð á eigin námi, sýna þrautseigju og klára verkefni þótt þau séu krefjandi. Í leik, námi og daglegu skólastarfi þjálfa börn skapandi hugsun, forvitni og trú á eigin getu – sem skiptir máli fyrir öll viðfangsefni í lífinu.

Kennarar:

Páttur:	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Tjáning og miðlun	Tjáning: Tjáir tilfinningar og hugmyndir þannig að þær séu skiljanlegar öðrum. Tillitssemi: Hlustar á aðra, sýnir tillitssemi og heldur sig við umræðuefni. Samskipti: Ræðir um áhugamál sín og skoðanir. Orðaforði: Lærir og notar ný orð til að ræða ólík viðfangsefni. Miðlun: Nýtir ólíkar leiðir til miðlunar.
Skapandi og gagnrýnin hugsun	Spyrjandi hugarfar: Spyr spurninga til að hefja rannsókn á fjölbreyttum fyrirbærum. Sköpun: Vinnur fjölbreytt verkefni á skapandi hátt. Lært af mistökum: Lærir af mistökum sínum. Rökræða: Útskýrir mál sitt með rökum. Ályktun: Skoðar gögn og upplýsingar og dregið eigin ályktanir. Gagnrýnin hugsun: Bendir á ólík sjónarhorn í fjölbreyttum viðfangsefnum.
Sjálfstæði og samvinna	Sjálfstæði: Sýnir frumkvæði í verkefnum og biður um aðstoð eftir þörfum. Samvinna: Vinnur með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi. Samstarf: Gerir sér grein fyrir ólíkum hlutverkum í samstarfi. Ábyrgð: Tekur ákvarðanir um hvernig honum finnst best að læra. Leiðsögn: Tekur leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.
Nýting miðla og upplýsinga	Áreiðanleiki: Skilur muninn á tilbúningi og raunveruleika. Upplýsingaöflun og miðlanotkun: Gerir greinarmun á skoðunum og staðreyndum. Vandvirkni og nákvæmni: Hefur rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta.



Ábyrgð og mat á eigin námi	Sjálfspækking: Ræðir um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar. Markmiðasetning: Setur sér viðráðanleg markmið og gleðst þegar þeim er náð. Ígrundun: Veltir fyrir sér eigin námi og hvað hann langar að læra næst. Árangur og sjálfspækking: Skilur viðmið um árangur og til hvers er ætlast. Náms- og starfsfræðsla: Áttar sig á ólíkum og fjölbreyttum störfum sem unnin eru í samfélaginu.
----------------------------	---

Kennsluhættir

- Lykilhæfnipjálfun er fléttuð inn í öll fög og allt skólastarf.



ÍSLENSKA

Menntagildi: Íslenska er lykill að tjáningu, leik og samskiptum. Börn læra að hlusta, segja frá og setja hugsanir sínar í orð – bæði í ræðu og riti. Íslenskan styður við sjálfsmynd, sköpun og tilfinningatjáningu, og leggur grunn að læsi og námi í öðrum greinum. Með því að kynnst bókum, orðum og sögum styrkist orðaforði og málskilningur, sem býr nemendur undir að taka þátt í fjölbreyttu skólastarfi og samfélagi.

Kennarar: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í íslensku:
Talað mál, hlustun og áhorf	Framsögn: Talar skýrt og áheyrilega með viðeigandi framburði. Tjáning: Segir frá atburðum eða hugmyndum. Tjáning í hóp: Tjáir sig frammi fyrir hópi. Hlustun og áhorf: Horfir og hlustar af athygli á efni og getur greint frá upplifun sinni og aðalatriðum.
Lestur og lesskilningur	Lesfimi: Beitir aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæðir vel og merking texta kemst til skila. Lestraraðferðir: Beitir einföldum aðferðum við lestur og getur nefnt dæmi um ólíkan tilgang lestrar. Orðaforði: Beitir góðum orðaforða við að skilja texta og skilur framandi orð út frá samhengi í texta. Lesskilningur: Greinir aðalatriði í texta og dregur einfaldar ályktanir út frá innihaldi hans. Lestrarmenning: Velur og les lesefni sér til ánægju og getur sagt frá innihaldi þess.
Bókmenntir	Lestur og túlkun bókmennta: Les og vinnur með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. Bókmenntagreining: Beitir einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir. Bókmenntaarfurinn: Les einfalda texta frá fyrri tímum og getur sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni. Ljóð: Lærir ljóð og getur tjáð sig um merkingu þeirra. Einkenni ljóða: Greinir einföld einkenni ljóða og getur unnið með rím.
Ritun	Skrift og frágangur: Dregur rétt til stafs og skrifar skýrt og læsilega. Uppbygging texta: Býr til setningar og málsgreinar og notar til þess algengar samtengingar. Tjáning í texta: Setur fram eigin hugmyndir í texta, metur og lagfærir með eða án stuðnings. Stafsetning og greinamerkjasetning: Beitir einföldum stafsetningar- og greinamerkisreglum.



Mál og málnotkun	Einkenni málsins: Getur þekkt og rætt einföld einkenni íslensks máls. Fjölbreytt málnotkun: Notar fjölbreyttan orðaforða í töluðu og rituðu máli sem hæfir aldri. Sköpunarkraftur: Leikur sér með tungumálið með rími og orðaleikjum. Orðtök og málshættir: Skilur og leikur sér með einföld orðtök og málshætti. Gögn og hjálpartæki: Raðar í stafrófsröð og nýtir hjálpargögn til að leita upplýsinga
------------------	---

Kennsluhættir

Kennslan byggir á fjölbreyttum og leikrænum kennsluháttum sem efla tjáningu, lesskilning og ánægju af tungumálinu. Nemendur taka virkan þátt í samtölum, frásögnum og hópverkefnum þar sem þeir þjálfa framsögn, hlustun og samvinnu. Lestur og ritun eru samþætt í skapandi verkefnum sem efla orðaforða, lesskilning og málvitund. Unnið er með PALS lestraraðferð þar sem nemendur styðja hver annan í lestri. Kennslan er samþætt náttúru- og samfélagsfræði til að skapa merkingarbært samhengi og styður við sjálfstraust, læsi og jákvætt viðhorf til tungumálsins.

Helstu verkefni skólaársins

Helstu verkefni skólaársins í íslensku eru áframhaldandi lestrarþjálfun, ritunarverkefni, bókmenntavinna og skapandi verkefni þar sem nemendur þjálfa málnotkun og tjáningu.

Námsgögn

- Lestrarbækur
- Ritrún 1 og 2
- Litla lesrún
- Græni blýanturinn
- Skrif 1b og 2a
- Sögubók
- Pals - léttlestrarbækur
- Ipad – Kennsluforrit í íslensku
- Námsspil
- Ýmis verkefni og hefti sem tengjast námsefni hverju sinni.



STÆRÐFRÆÐI

Menntagildi: Stærðfræði örvar forvitni og hjálpar börnum að uppgötva reglur og mynstur í heiminum í kringum sig – hvort sem þau eru að telja, mæla, raða eða skipuleggja hluti. Þau læra að velta fyrir sér lausnum, prófa hugmyndir og útskýra hugsun sína í gegnum leik og samvinnu. Þau æfa sig í að hugsa rökrétt, tengja saman upplýsingar og tjá hugsanir sínar með hugtökum stærðfræðinnar. Með sterkum grunni í stærðfræði öðlast þau trú á eigin getu og njóta þess að takast á við áskoranir.

Kennarar: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir

Páttur:	Hæfniviðmið í stærðfræði:
Vinnulag stærðfræðinnar	Verkfæri og hlutbundin gögn: Notar viðeigandi verkfæri og gögn t.d. reglustiku, talnagrind eða kubba til að leysa dæmi. Samræður og tjáning: Tekur þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir. Táknmál og hugtök: Notar rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtir þau rétt við útreikninga. Þróun aðferða: Notar hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með samlagningu og frádrætti. Þrautalausnir: Getur leyst stærðfræðiþrautir og rökstutt svör sín. Rannsóknarvinna: Tekur virkan þátt í að finna fjölbreyttar lausnaleyðir með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur. Kynningar: Undirbýr og flytur stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði. Reiknihugsun og forritun: Notar einfalda forritun til að leysa þrautir. Margföldunartöflur: Fer með 2x margföldunartöfluna utanbókar.
Tölur og reikningur	Röðun talna og talnamengi: Skráir og raðar tölum frá 0-100 eftir stærð og getur staðsett þær á talnalínu. Sætiskerfi: Notar tugakerfisrithátt og sýnir skilning á sætisgildunum eining, tugur og hundrað. Samlagning: Leggur saman tölur upp í 100. Frádráttur: Dregur frá með tölum upp í 100. Hlutfallshugtök: Sýnir skilning á hlutfallshugtökunum tvöfalt og helmingur. Tvöföldun og helmingun: Tvöfaldar og helmingar tölur undir 100. Fjármál: Gerir sér grein fyrir verðgildi peninga upp í 100 kr. og getur notað kennslupeninga til að leysa fjármálatengd dæmi.
Algebra	Mynstur: Kannar og tjáir sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og getur spáð fyrir um framhald þeirra. Hnitakerfi: Notað staðsetningar-hugtök eins og „fyrir ofan“ eða „vinstra megin“ til að staðsetja eða lýsa staðsetningu í rúðuneti. Samband milli stærða: Notar tákn eins og $>$, $=$ og $<$ til að bera saman stærðir. Sanngildi: Getur myndað einfaldar jöfnur t.d. „$2 + 3 = 5$“ og metið hvort þær séu sannar eða ósannar. Óþekktar stærðir: Nemandi getur notað einfaldar jöfnur til að tákna óþekktar stærðir (t.d. „$4 + \underline{\quad} = 6$“).



	Jöfnur: Getur fundið týndu töluna í einföldum jöfnum.
Rúmfræði og mælingar	Rúmfræðileg form: Ber kennsl á og notar rétt heiti yfir tvívíð rúmfræðiform. Tvívíð form: Áætla og mælir ummál og flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum. Þrívíð form: Ber kennsl á þrívíðu formin sívalning, ferstrending, kúlu og píramída. Mynstur: Spegla og hliðra einföldum flatarmyndum. Mælitæki: Mælir lengd, þyngd og rúmmál með viðeigandi mælitækjum. Mælieiningar: Notar viðeigandi mælieiningar fyrir lengd, þyngd og rúmmál. Tími: Les heila og hálfa tíma á skífuklukku og getur unnið með tímatöflu yfir helstu atburði dagsins. Skýringarmyndir: Gerir óformlegar rannsóknir og teiknar skýringarmyndir af tvívíðum formum og hlutum í umhverfi sínu. Verkfæri: Rannsakar, gerir tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.
Tölfræði og líkindi	Gagnasöfnun: Safnar gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og getur túlkað á einfaldan hátt. Tölfræðikannanir: Telur, flokkar og skráir, les og túlkar niðurstöður og setur upp í einföld myndrit. Myndrit: Les úr einföldum myndritum.

Kennsluhættir

Kennslan byggir á leik, virkri þátttöku og könnun þar sem nemendur þróa stærðfræðilegan skilning sinn með hlutbundnum verkefnum og raunverulegum aðstæðum. Lögð er áhersla á að nemendur noti og miðli eigin aðferðum, þar sem þeir læra að það eru margar leiðir til að leysa verkefni. Þeir taka þátt í samræðum, kanna lausnaleiðir og rökstyðja hugmyndir sínar. Kennslan styður við gagnrýna hugsun, sjálfstæða vinnu og samvinnu og tengir stærðfræði við daglegt líf. Hún einkennist af leikgleði, rannsóknum og skapandi nálgun sem styrkir skilning og jákvætt viðhorf til stærðfræði.

Helstu verkefni skólaársins

Stærstu verkefnin eru Tölur upp í 100, Samlagning og frádráttur, Samhverfa, Tvöfalt meira og helmingi minna - sléttar tölur og oddatölur, Reikningur með tölum upp í 100, Flatarmál, Reikningur, Marghyrningar og hringir og Rúmfræðiform.

Námsgögn

- Sproti nemendabók 2a og 2b
- Sproti æfingahefti 2a og 2b
- Stærðfræðispæjarar 1
- Ipad – Kennsluforrit í stærðfræði
- Námmsspil
- Ýmis verkefni og hefti sem tengjast námsefni hverju sinni.



ENSKA

Menntagildi: Í enskunámi fá börn tækifæri til að kynnst nýju tungumáli á skapandi og leikandi hátt. Þau þróa með sér hlustun, eftirhermu og einföld tjáningarform sem styrkja hljóðvitund og orðskilning. Með því að kynnst ensku frá unga aldri opnast heimur mynda, sagna, laga og leikja sem styður við málþroska og eykur áhuga á tungumálum. Námið styrkir einnig grunnfærni í samskiptum og skilningi á því að fólk talar ólík tungumál í heiminum.

Kennarar: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í ensku:
Hlustun og áhorf	Frásagnir og kynningar: Skilur algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og bregst við þeim. Fjöl- og myndmiðlar: Fylgir meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga. Hlustun: Hlustar eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.
Lestur og lesskilningur	Greining aðalatriða: Finnur afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtir sér í verkefnavinnu.
Samskipti	Óformlegt samtal: Spyr og svarar á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. Almenn samskipti: Tekst á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum. Samræður: Tekur þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.
Frásögn	Tjáning: Tjáir sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt. Frásögn og kynning: Undirbýr og flytur einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel.

Kennsluhættir

Í 2. bekk byrja nemendur að læra ensku. Nemendur læra ný orð og einfaldar setningar. Áhersla á tjáningu, hlustun og söng en lítil áhersla á ritun.

Helstu verkefni skólaársins

Loturnar í 2. bekk eru Welcome, This is me, I like jumping, Christmas, In the classroom, A windy wednesday, Oink! Woof! Moo! og Happy birthday.

Námsgögn

Yes we can 2 vinnubók, sjónvarpsþættir og ítarefni á vef



NÁTTÚRUGREINAR

Menntagildi: Náttúrufræði vekur forvitni barna og styður við löngun þeirra til að skilja heiminn í kringum sig. Með athugunum og spurningum fá þau að kanna náttúruna, hreyfingu, efni, orku og lífverur – og velta fyrir sér breytingum og mynstrum. Námið ýtir undir undrun, virðingu fyrir náttúrunni og áhuga á því að skoða, spyrja og prófa. Þannig leggur náttúrufræði grunn að vísindalegri hugsun og sjálfstæðri rannsóknarfærni.

Kennarar: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í náttúrugreinum:
Vinnulag náttúru-vísinda	Hugtök: Notar einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu. Athuganir: Framkvæmir einfaldar athuganir og skráir mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.
Umhverfið	Hringrásir efna og orku: Nefnir dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta. Líffræðileg fjölbreytni: Gerir sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda. Loftslagsbreytingar: Fjallar um hvaða hlutverki loftþjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni. Náttúruauðlindir og sjálfbær nýting: Tekur þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna.
Lífið	Örverur: Gerir sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta ýmist verið gagnlegar eða skaðlegar. Frumur: Gerir sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum. Þróun: Áttar sig á að lífverur hafa tekið breytingum frá upphafi lífs á jörðu. Dýr: Lýsir helstu einkennum valinna dýra. Mannslíkaminn: Lýsir byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt. Heilsa: Ræðir mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.
Orkan	Orka: Framkvæmir og fjallar um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu. Nýting orku: Nefnir dæmi um uppruna orku og tekur þátt í umræðu um orkusparnað. Varmi: Útskýrir muninn á heitu og köldu með einföldum tilraunum. Rafmagn og segulmagn: Hefur kannað eiginleika segla. Rafrásir: Segir frá þróun algengra rafmagnstækja. Bylgjur: Skoðar hljóð og ljós og lýsir einföldum eiginleikum þeirra. Gagn og skaðsemi bylgna: Framkvæmir og fjallar um athuganir á sýnilegum bylgjum.



	Kraftar og hreyfing: Framkvæmir og fjallar um athuganir sem tengjast kröftum sem birtast í daglegu lífi. Massi: Áttar sig á að efni hafa massa og stærð.
Alheimurinn	Mótun lands: Nefnir dæmi um hvernig land verður til og mótast. Hamfarir: Nefnir dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð. Alheimurinn: Gerir sér grein fyrir að flestar stjörnur á himninum eru sólir í öðrum sólkerfum.

Kennsluhættir

Kennslan byggir á forvitni nemenda, virkri þátttöku og rannsóknum á umhverfi sínu. Nemendur taka þátt í könnunum, tilraunum og umræðum þar sem þeir þjálfra hæfni til að spyrja spurninga, draga ályktanir og nota einföld hugtök náttúruvísinda. Lögð er áhersla á samvinnu, gagnrýna hugsun og að tengja nám við raunverulegt samhengi. Kennslan er samþætt íslensku til að efla læsi og hugtakaskilning og byggir á leik, skapandi vinnu og umræðum sem styrkja skilning, ábyrgð og jákvætt viðhorf til náttúrunnar.

Helstu verkefni skólaársins

Helstu verkefnin eru vatn, loft og hljóð, líkami og sál, fuglar og spendýr

Námsgögn

- Halló heimur 2 - Lesbók
- Halló heimur 2 - verkefnabók
- Ýmis verkefni og hefti sem tengjast námsefni hverju sinni.



SAMFÉLAGSGREINAR

Menntagildi: Samfélagsgreinar hjálpa börnum að skilja sjálfan sig, sitt nánasta umhverfi og fjölbreyttar aðstæður fólks. Þau kynnast hugtökum eins og reglur, réttindi, fjölskyldur, samfélag og náttúra – og fá tækifæri til að velta fyrir sér tilfinningum, lífsháttum og fjölbreytileika. Námið styrkir sjálfsmynd og félagsfærni og leggur grunn að gagnrýnni hugsun, samræðu og umhyggju fyrir náttúru og samfélagi. Börnin fá að spyrja, skoða og segja sína skoðun – og sjá hvernig þeirra líf tengist lífi annarra.

Kennarar: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í samfélagsgreinum:
Vinnulag samfélagsgreina	Hugtök: Ræðir um samfélagið og notar valin hugtök í því samhengi. Skoðanamyndun: Greinir upplýsingar og ólíkar skoðanir úr völdum heimildum og myndar sér eigin skoðanir. Gagnrýnar umræður: Spyr spurninga og tekur þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. Setja sig í spor annarra: Getur sett sig í spor jafnaldra eða fjölskyldumeðlima. Miðlun: Miðlar þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu á fjölbreyttan hátt. Lýðræðislegt samstarf: Tekur þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi.
Sjálfsmynd	Félagsmótun: Segir frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. Þarfir: Áttar sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis. Tilfinningar: Áttar sig á og getur lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði. Hugarfarar: Áttar sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig. Sjálfsþekking: Gerir sér grein fyrir og getur útskýrt hvar eigin styrkur og áhugi liggur. Virðing: Sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu og getur sagt frá því hvernig það er hægt. Staðalmyndir: Fjallar um ólíka einstaklinga og fjölbreytta hópa í skóla- og nærsamfélaginu.
Siðferði og trú	Virðing fyrir fjölbreytileika: Áttar sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum. Trú og lífsviðhorf: Veltir fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni. Trúarbrögð: Þekkir til helstu hátíða, sagna og siða kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu. Áhrif trúarbragða: Áttar sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.



Borgaravitund	Reglur: Sýnir þekkingu á reglum í samskiptum og getur útskýrt tilgang þeirra. Stjórnkerfi: Þekkir nokkrar helstu stofnanir samfélagsins. Velferðarsamfélag: Áttar sig á mikilvægi samhjálpar í samfélaginu. Samneysla: Þekkir dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu. Slysavarnir: Veit hvernig á að varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi. Geta til aðgerða: Ræðir um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekur þátt í samfélagsmálum.
Saga	Sögulegar heimildir: Áttar sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu. Fjölskyldan: Áttar sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna. Íslandssaga: Nefnir dæmi um sögu og einkenni Íslands. Mannkynssaga: Segir frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni. Söguleg þróun: Kemur auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga. Áhrif sögu á samtímann: Fjallar um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.
Jörðin okkar	Kortalæsi: Áttar sig á hlutverki og notagildi landakorta og ratað með hjálp einfaldra korta. Samfélög: Nefnir dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks í heiminum. Auðlindir: Nefnir dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.

Kennsluhættir

Kennslan byggir á umræðum, samvinnu og virkri þátttöku nemenda. Unnið er með málefni sem tengjast lífi og umhverfi barna þar sem nemendur læra að mynda sér skoðanir, setja sig í spor annarra og rökstyðja eigin afstöðu. Áhersla er á gagnrýna hugsun, virðingu fyrir fjölbreytileika og lýðræðislegt samstarf. Nemendur miðla hugmyndum sínum á fjölbreyttan hátt, m.a. í samtölum, hópverkefnum og skapandi verkefnum. Kennslan er samþætt íslensku til að efla hugtakaskilning, læsi og tjáningu, og miðar að því að efla félagsfærni, sjálfsþekkingu og virka þátttöku í samfélaginu.

Helstu verkefni skólaársins

Helstu verkefnin eru verum örugg, landnám Íslands, trú landnámsfólks, hver er ég? Og einu sinni var

Námsgögn

- Halló heimur 2 - Lesbók
- Halló heimur 2 - verkefnabók
- Ýmis verkefni og hefti sem tengjast námsefni hverju sinni.



UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT

Menntagildi: Í upplýsingamennt kynnast börn því hvernig þau geta aflað sér og miðlað upplýsingum á öruggan og skapandi hátt. Þau læra að nota skólasafnið, tölvur og snjalltæki við einföld verkefni og fá fyrstu kynni af forritun. Þau æfa sig í að greina milli mismunandi tegunda upplýsinga, læra um friðhelgi einkalífs og hvernig á að haga sér á netinu. Með verkefnum sem tengjast leik og sköpun fá þau tækifæri til að efla forvitni sína, tæknifærni og trú á eigin getu. Þau öðlast grunnskilning á stafrænu umhverfi og mikilvægi þess að nota tæknina á ábyrgan hátt.

Kennari: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt:
Upplýsinga- og miðlalæsi	Greining og úrvinnsla: Getur greint muninn á fræðilegu efni og skáldskap.
Sköpun og miðlun	Handritagerð: Skrifað handrit að leikverki þar sem grunnreglum er beitt við uppsetningu handrits fyrir myndmiðla. Myndvinnsla og myndsköpun: Nýtir tæki og hugbúnað við myndsköpun.
Stafræn borgara-vitund	Jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan: Beitir góðri líkamstöðu við notkun starfrænnar tækni og getur útskýrt muninn á jákvæðum og neikvæðum skjá tíma og sagt frá hvernig notkun stafrænna miðla getur haft áhrif á líðan. Friðhelgi og öryggi: Útskýrir á einfaldan hátt hvað persónuupplýsingar eru og hverju má og má ekki deila í stafrænu umhverfi. Virðing í stafrænu umhverfi: Gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu.
Lausnaleit	Tölvur og snjalltæki: Þekkir mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og helstu jaðartæki og getur nýtt til menntunar.

Kennsluhættir

Vettvangsferð á bókasafn, kynning á spjaldtölvum, notkun á umgengni á þeim.

Helstu verkefni skólaársins

Kenna nemendum að nýta kennsluforrit í spjaldtölvu.

Námsgögn

Námsforrit í spjaldtölvum.



ÍÞRÓTTIR

Menntagildi: Skólaíþróttir hjálpa nemendum að hreyfa sig daglega og kynnast fjölbreyttum æfingum og leikjum sem styðja við hreyfiproska, vellíðan og gleði. Í gegnum leiki og æfingar læra börn að vinna saman, hlusta á aðra, fylgja reglum og takast á við áskoranir á jákvæðan hátt. Nemendur þróa með sér tilfinningu fyrir eigin líkama, jafnvægi, styrk og samhæfingu. Þeir fá einnig tækifæri til útiveru og læra að hreyfa sig í náttúrulegu umhverfi. Með skólaíþróttum byggja nemendur upp jákvæða sjálfsmynd og læra mikilvægi þess að hugsa vel um líkama sinn og vellíðan.

Kennarar: Bjarki Már Árnason og Einar Guðberg Einarsson

Þáttur:	Hæfniviðmið í íþróttum:
Líkamsvitund, færni og afkastageta	Þol: Gerir æfingar sem reyna á þol í íþróttum. Styrkur: Gerir æfingar sem styrkja hreyfifærni líkamans. Liðleiki: Gerir almennar liðleikaæfingar. Samhæfing: Gerir hreyfingar sem styðja við samhæfingu hægri og vinstri. Taktur: Gerir einfaldar rytmískar æfingar. Hópiþróttir: Tekur þátt í boltaleikjum og sýnir boltafærni. Einstaklingsíþróttir: Tekur þátt í æfingum með áherslu á mótun hreyfiproska. Stöðluð próf: Tekur þátt í stöðluðum prófum.
Félagslegir þættir	Tilfinningar: Skilur þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leik. Ástundun: Skilur mikilvægi góðrar ástundunar og sýnir virkni og vinnusemi í tímum. Leikir: Skilur einfaldar leikreglur og tekur þátt í leikjum. Háttvísi: Skilur mikilvægi leikreglna og fer eftir þeim.
Heilsa og heilsuefling	Útivist: Tekur þátt í skipulagðri útivist í náttúrunni, notar viðeigandi fatnað og áttar sig á og varast hættur sem fylgt geta.
Öryggi og hreinlæti	Öryggisreglur: Þekkir til helstu öryggisreglna í skólaíþróttum. Hreinlæti: Skilur mikilvægi hreinlætis í tengslum við allar íþróttir.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:



Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Framkoma: Vinnur vel með öðrum og sýnir virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni. Fyrirmæli: Fer eftir fyrirmælum og biður um aðstoð eftir þörfum. Leiðsögn: Tekur leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.
-------------------------------------	--

Kennsluhættir

Það er nýtt þema í hverri viku t.d. mismunandi hóp- og einstaklingsíþróttir. Leitast er við að nemendur fái að prófa sem fjölbreyttasta hreyfingu, bæði leiki og ýmsar íþróttagreinar.

Helstu verkefni skólaársins

Símat er yfir árið en matið byggist bæði á ástundun og virkni í tímum sem og prófum úr þoli, styrk, liðleika og samhæfingu.

Kennslugögn

Nemendur eiga að mæta í viðeigandi íþróttafatnaði.



SKÓLASUND

Menntagildi: Sundkennsla á yngsta stigi miðar að því að kynna nemendum fyrir vatni á öruggan og skemmtilegan hátt. Lögð er áhersla á leikgleði, öryggi og undirstöðufærni í sundi, þar sem nemendur læra að njóta sín í vatni og öðlast sjálfstraust til að hreyfa sig í sundlaug. Sund er mikilvægur þáttur í heilsueflingu barna, og stuðlar að betri líkamlegri og andlegri vellíðan. Í gegnum sundiðkun efla nemendur samhæfingu, þol og færni í að takast á við nýjar áskoranir í öruggu umhverfi.

Kennari: S. Bergþór Magnússon

Þáttur:	Hæfniviðmið í skólasundi:
Sund	Leikir í vatni: Tekur þátt í fjölbreyttum leikjum í vatni. Heilsuefling: Nýtur sín í vatni. Björgunarsund: Getur bjargað sér í vatni. Bringusund með hjálpartækjum: Syndir 10 metra bringusund með hjálpartækjum. Skriðsund með hjálpartækjum: Syndir 8 metra skriðsundsfótatök með hjálpartækjum. Skólabaksund með hjálpartækjum: Syndir 10 metra skólabaksundsfsótatök með hjálpartækjum. Marglyttuflot: Flýtur marglyttuflot með því að rétta úr sér. Kafsund: Spyrnir frá bakka og rennur með andlit í kafi 2,5 metra. Hoppar af bakka: Hoppar af bakka í grunna laug. Bringusund án hjálpartækja: Syndir 10 metra bringusund án hjálpartækja. Skriðsund án hjálpartækja: Syndir 8 metra skriðsundsfsótatök án hjálpartækja. Skólabaksund án hjálpartækja: Syndir 10 metra skólabaksundsfsótatök án hjálpartækja.
Félagslegir þættir	Ástundun: Skilur mikilvægi góðrar ástundunar og sýnir virkni og vinnusemi í tímum.
Öryggi og hreinlæti	Öryggisreglur: Þekkir til helstu öryggisreglna í skólasundi. Skyndihjálp: Getur gert viðvart ef óhapp verður. Hreinlæti: Fundið til eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:



Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Fyrirmæli: Fer eftir fyrirmælum og biður um aðstoð eftir þörfum. Leiðsögn: Tekið og veitt öðrum leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt. Framkoma: Sýnt sjálfsaga, ábyrgð og virðingu í daglegum samskiptum, hegðun og umgengni.
-------------------------------------	--

Kennsluhættir

Verkleg kennsla.

Helstu verkefni skólaársins

Símat og próf.

Námsgögn

Sundbolir og aðþrengdar sundskýlur, sundgleraugu eru í boði.



LISTGREINAR - SJÓNLISTIR

Menntagildi: Í sjónlistum fá börn að tjá sig á sjónrænan og skapandi hátt. Þau læra að nota liti, form og efni til að túlka eigin hugmyndir og tilfinningar. Með leik og tilraunum efla þau sköpunarhæfni, fínvinnslu og sjálfstraust. Þau læra að skoða og meta myndlist, þróa með sér fagurfræðilegt næmi og kynnast fjölbreyttum listformum sem örva ímyndunarafl og tjáningu.

Kennari: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir

Þáttur:	Hæfniviðmið í sjónlistum:
Sköpun	Aðferðir og efni: Skapar myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni. Útfærsla og tækni: Nýtir sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Vinnuferli: Útskýrir og sýnir vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Hugmyndavinna: Getur unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.
Greining og úrvinnsla	Tjáning: Tjáir tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. Umfjöllun og endurgjöf: Fjallar um eigin verk og annarra. Greining og samhengi: Greinir á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því.
Menning og umhverfi	Aðferðir og nálgun: Greinir að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.. Tilgangur og samhengi: Skilur mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Tjáning: Tjáir tilfinningar og hugmyndir þannig að þær séu skiljanlegar öðrum. Lært af mistökum: Lærir af mistökum sínum. Sjálfstæði: Sýnir frumkvæði í verkefnum og biður um aðstoð eftir þörfum.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með sýnikennslu sem stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.



Helstu verkefni skólaársins

Föndur og listaverk.

Námsgögn

Pappír, lím, skæri, málning, litir og ýmislegt tilfallandi.

VERKGREINAR - HEIMILISFRÆÐI	
Menntagildi: Í heimilisfræði kynnast nemendur mikilvægi matar, hreinlætis og heimilishalds á leikrænan og hagnýtan hátt. Þau læra að taka þátt í einföldum verkefnum í eldhúsi og daglegum störfum, sem þroskar ábyrgð, sjálfstæði og samvinnu. Þau þróa með sér grunnfærni í sjálfsumönnun og læra að tengja umhyggju við sjálfan sig og aðra við hagnýta færni í daglegu lífi. Kennari: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir	
Þáttur:	Hæfniviðmið í heimilisfræði:
Lífshættir	Lífshættir: Tjáir sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. Næring: Velur hollan mat og getur útskýrt áhrif hans á líkama og líðan. Hreinlæti: Fer eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Sjálfstæði: Sýnir frumkvæði í verkefnum og biður um aðstoð eftir þörfum. Samstarf: Vinnur vel með öðrum og sinnir sínu hlutverki í samstarfi. Leiðsögn: Tekur leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.



Kennsluhættir

Kennslan byggir á umræðum og verkefnum þar sem nemendur læra um heilbrigða lífshætti, næringu og hreinlæti. Lögð er áhersla á samvinnu, sjálfstæði og jákvætt viðhorf til heilsuefingar.

Helstu verkefni skólaársins

Verkefni tengjast heilbrigðum lífsháttum, hollu mataræði, hreinlæti og daglegri rútínu. Unnið er með fræðslu, umræðu og einföld verkefni sem tengjast daglegu lífi nemenda.

VERKGREINAR – HÖNNUN OG SMÍÐI	
Menntagildi: Í hönnun og smíði fá börn að vinna með höndunum og efla samhæfingu, þolinmæði og skapandi hugsun. Þau kynnast einföldum verkfærum og efnum og læra að búa til hluti sem nýtast og gleðja. Í gegnum hagnýta sköpun þjálfast þau í skipulagi, frumkvæði og því að klára verkefni, sem styrkir sjálfstraust og trú á eigin getu. Kennari: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir	
Þáttur:	Hæfniviðmið í Hönnun og smíði:
Verklag	Verkfæri: Þekkir algengustu verkfæri í trésmíði og útskýrir á einfaldan hátt virkni þeirra. Efnisval: Þekkir almenn smíðaeefni og getur á einfaldan hátt úrskýrt notkun og eiginleika þeirra. Smíðaaðferðir: Framkvæmir nokkrar aðferðir til festinga. Vinnuvernd: Beitir líkamanum rétt við vinnu sína og sýnir rétta notkun hlífðarbúnaðar.
Sköpun, hönnun og tækni	Vinnuferli: Getur unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
Menning og umhverfi	Endurnýting: Sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.



	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Umræður: Hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni. Lært af mistökum: Lært af mistökum sínum. Sjálfstæði: Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum. Leiðsögn: Tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt. Markmiðasetning: Sett sér viðráðanleg markmið og glaðst þegar þeim er náð. Árangursviðmið: Skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með sýnikennslu sem stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Helstu verkefni skólaársins

Unnið er með fjölbreytt verkefni þar sem nemendur kynnast einföldum smíðaaðferðum, efnisvinnslu og skapandi lausnaleit.

Námsgögn

Hamrar, naglar, sandpappír, spýtur, límbyss, málning og litir.

VERKGREINAR - TEXTÍLMENNT	
Menntagildi: Í textílmennnt kynnast börn efnum, mynstrum og einföldum aðferðum við saumaskap og handverk. Þau þjálfra fínhyfingar, útsjónarsemi og þolinmæði í gegnum skapandi verkefni sem þau ljúka með stolti. Námið styrkir sjálfsmynd þeirra og eflir skilning á því að handverk hefur bæði notagildi og listrænt gildi.	
Kennari: Helga Rún Jónsdóttir og Rúna Lis Emilsdóttir	
Þáttur:	Hæfniviðmið í textílmennnt:



Verklag	Útsaumur: Gerir einföld spor í útsaum. Fingraprjón: Notar fingraprjón. Efnisval: Vinnur úr nokkrum gerðum textílefna. Útfærsla: Vinnur eftir einföldum leiðbeiningum. Vinnuvernd: Beitir líkamanum rétt við vinnu sína.
Sköpun, hönnun og tækni	Sköpun og skreyting: Skreytir textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt. Hugtök: Notar nokkur hugtök sem tengjast greininni.
	Hæfniviðmið í lykilhæfni:
Lykilhæfni (þverfagleg hæfni)	Tjáning: Tjáir tilfinningar og hugmyndir þannig að þær séu skiljanlegar öðrum. Lært af mistökum: Lærir af mistökum sínum. Sjálfstæði: Sýnir frumkvæði í verkefnum og biður um aðstoð eftir þörfum. Markmiðasetning: Setur sér viðráðanleg markmið og gleðst þegar þeim er náð.

Kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir með sýnikennslu sem stuðla að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Helstu verkefni skólaársins

Unnið er með fjölbreytt verkefni þar sem nemendur kynnast grunnsaumi, efnum og einföldum handverksaðferðum.

Námsgögn

Efni, nálar, garn, skæri, límbyss.